



Tegund eignar : Íbúð

Bæjarfélag / Hverfi :
Villamartin

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2023

Sundlaug : Í sameign

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði
og garð

Bílastæði : Einkastæði

**Fermetra stærð
eignar :** 93,94 m²

Stærð verandar : 22,53 m²

Flugvöllur : 40

Strönd : 8

Borg : 10

Golf : 5

- ✓ Hiti í gólf
- ✓ Heimilistæki

- ✓ Öryggiskerfi
- ✓ Loftkæling

- ✓ Verönd

Stórglæsileg íbúð á jarðhæð í Villamartín. Íbúðin er með 2 svefnherbergjum með góðu skáaplássi og 2 baðherbergjum með hita í gólfum. Bjart og rúmgott alrými með fullbúnu eldhúsi með gæða heimilistækjum, borðstofu og stofu þaðan sem útgengt er í sér aflokaðan garð með verönd. Íbúðin er útbúin snjallkerfi þaðan sem hægt er að stjórna ljósum, hita og glugga hlerum bæði úr síma og gagnvirkum hátölurum s.s. Alexa og Google Home.

Íbúðinni fylgir einnig sér bílastæði sem og aðgangur að glæsilegum sameiginlegum garði sem í er að finna 2 sundlaugar, þar af eina barnalaug, aðstöðu til íþróttaiðkunar, leiksvæði fyrir börn og græn svæði sem eru tilvalin til að njóta sólarinnar sem skín í meira en 300 daga á ári.

Erum með mikið úrval eigna í þessum sama glæsilega íbúðarkjarna.

Skammt er á 18 holu golfvöllinn Villamartin, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagurlitaða páfagaukana kvaka allan ársins hring.

Fyrir náttúru unnendur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur skammt frá, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru, en jafnframt er stutt að fara til annara hverfa, hvort sem er á tveimur jafnfljótum, eða á farartæki s.s. í hverfið Los Altos, La Florida og Playa Flamenca. En það má segja að ekki sé meira en 10 mín létt labb til allra þessara hverfa.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torre Vieja spítala sem er í 10 mínútna ökuferð að heiman. Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökuferð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!